



Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis Frá forseta Menntavísindasviðs HÍ

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um verkferla um viðbrögð við ógnandi hegðun og ofbeldi meðal barna og ungmenna, 153. löggjafarþing, þingskjal nr. 17.

Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra að vinna að aðgerðaáætlun um verkferla um viðbrögð við ógnandi hegðun og ofbeldi meðal barna og ungmenna. Sú vinna verði unnin í framhaldi af vinnu starfshóps mennta- og barnamálaráðuneytisins um mótun leiðbeininga fyrir starfsfólk skóla í tengslum við framkvæmd reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Úrræði verði mótuð á grunni nýrra farsældarlaga og byggð upp sem stuðningskerfi í kringum börn og ungmenni, fjölskyldur þeirra og starfsfólk skólakerfisins. Samráð verði haft við heilbrigðisráðherra, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Háskóla Íslands og aðra hagaðila við gerð aðgerðaáætlunarinnar

Tekið er undir að verulega ástæða er til að hafa áhyggjur af vaxandi ofbeldi og alvarlegum atburðum sem eiga sér stað á vettvangi ungmenna hér á landi. Því er skynsamlegt að lagt sé til að mótaðir séu verkferlar vegna viðbragða við ógnandi hegðun og ofbeldi meðal barna í grunnskólum. Það er óljóst hvað er átt við með að nefna í þingsályktunartillögunni annars vegar *aðgerðaáætlun* og hins vegar *verkferla*. Hvort þetta sé sami hluturinn eða hvort aðgerðaáætlun eigi að fela í sér ýmiskonar verkferla sem séu ýmist forvarnir gegn eða viðbrögð við ofbeldi meðal grunnskólanemenda.

Í því samhengi er brýnt að benda á mikilvægi þess að nálgast verkefnið heildstætt og móta aðgerðaáætlun þar sem kynntar eru leiðir og verkfæri til að vinna markvisst gegn þáttum sem eru gjarnan orsök ógnandi hegðunar og ofbeldis og hvernig sé hægt að hafa áhrif á hegðun barna og menningu í þeim hópum sem þau eru í (t.d. bekkur, skóli, félagsmiðstöð og félagasamtök). Mikilvægt er að móta úrræði sem raunhæft er að hrinda í framkvæmd og tryggja til þess fjármagn, þjálfun og fagfólk sem vinnur með þverfaglegum hætti með þetta brýna og vandasama verkefni.

Fagfólk á vettvangi félagsmiðstöðva og frístunda

Rannsóknir sýna að félagsmiðstöðvar fyrir ungmenni skipta miklu máli til að styðja við jaðarsetta hópa og efla jákvæða menningu innan jafningjahópsins. Því er hér bent á að við mótun verkferla og aðgerðaáætlana sé brýnt að tryggja aðkomu þess starfsfólks sem starfar náið með unglíngum alla daga vikunnar, bæði innan og utan skóla. Þessi faghópur á að hafa sterka rödd og fá mikið vægi í þeirri stóru vitundarvakningu og samstillta átaki sem verður að eiga sér stað á næstunni.

Meðal þess sem þarf að skipuleggja markvisst er:

- Stafrænt foreldrarölt.
- Rafrænn útivistartími.
- Stíflaldursviðmið á samfélagsmiðlum og takmarkanir eftir að þeim sleppir.
- Styðjandi menning þar sem samkennd, gagnrýnin hugsun og samtal eru í öndvegi.

Ekkert af þessu næst fram nema með samstilltu átaki foreldra, fagfólks á vettvangi félagsmiðstöðva, skólasamfélagsins og stjórnvalda. Vert er að vekja athygli á árangursríkri samvinnu sem skapaðist þegar að SAMAN hópurinn var stofnaður um síðustu aldamót, sjá heimasíðu <https://samanhopurinn.is/>

Hvers vegna beita börn ógnandi hegðun/ofbeldi?

Það er oft og tíðum vegna erfiðra aðstæðna og jaðarsetningar sem börn/ungmennir lenda í aðstæðum sem „kalla fram“ og ýta undir ýmiss konar óæskilega hegðun, jafnvel ofbeldi eða ógnandi hegðun. Börn/ungmennir með áfallasögu, sem búa við ofbeldi/vanrækslu, eru með einhvers konar færniskerðingu eða fötlun (s.s. geð- eða taugaproskaraskanir), af fjölbreyttum menningar-/tungumálauppruna og/eða búa við fátækt og bága félagslega stöðu eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu hvað þetta varðar. Þau eru líklegri en aðrir jafnaldrar til að vera beitt harðari viðurlögum og refsingum fyrir slíka hegðun og verða fyrir útilokandi aðgerðum innan skólans, sem jaðarsetur þau enn frekar. Í öllum fyrirbyggjandi aðgerðum og verkferlum vegna ofbeldis/ógnandi hegðunar þarf að huga vandlega að þessu og horfa sérstaklega til þess hvornig megi styðja við börn og ungmennir sem eru að takast á við erfiðar aðstæður, efla verndandi þætti og draga úr áhættuþáttum meðal þeirra og stuðla að öryggi, jafnræði og jákvæðum tengslum þeirra við skólasamfélagið.

Virðingarfyllst,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Forseti Menntavísindasviðs